# REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1184/2013 um loðnuveiðar grænlenskra og færeyskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 2013/2014.**

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Grænlenskum skipum eru heimilar loðnuveiðar í flotvörpu frá og með 11. janúar 2014 til og með 20. janúar 2014 innan svæðis sem afmarkast af línum sem dregnar eru milli eftirfarandi punkta:

1. 67° 11′ N - 014° 30′ V
2. 67° 20′ N - 018° 00′ V
3. 68° 00′ N - 018° 00′ V
4. 68° 00′ N - 014° 30′ V

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 10. janúar 2014.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

*Baldur P. Erlingsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2014